

**8. fundur Umhverfis- og byggingarnefnd haldinn Strandgötu 38,  
miðvikudaginn 15. mars 2023  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurvin Hreiðarsson (SH), Aðalsteinn Magnússon (AM), Jónas Snæbjörnsson (JS) og Jóhann Birkir Helgason (JBH).

**Fundargerð ritaði:** Sigurvin Hreiðarsson, Formaður

**Dagskrá:**

**2. Umsókn fyrir uppsetningu meltu búnaðar við Tryggvabúð - 2303001**

Lagður fram tölvupóstur frá Valdimar B. Ottósyni dags. 28. febrúar 2023 er varðar umsókn fyrir uppsetningu meltu búnaðar við Tryggvabúð. Um er að ræða tímabundna lausn frá mars fram í maí 2023. Erindið fellur undir grein 2.3.5 í byggingarreglugerð sem fjallar um minniháttar mannvirkjagerð undanþegin byggingarheimild og -leyfi.

*Lagt fram til kynningar.*

**3. Tunguá vatn Ártún - 2302085**

Tekinn fyrir tölvupóstur dags. 20.02.2023 frá Helga Frey Helgasyni húseiganda að Strandgötu 26 Tálknafirði (Ártún). Spurst er fyrir hvort Tálknafjarðarhreppur sé tilbúinn að gera einhverjar ráðstafanir svo að húsið sé ekki í hættu í svo miklum leysingum.

*Umhverfis- og byggingarnefnd bendir sveitarstjórn á að hagkvæmasta leiðin er að breikka og dýpka Tunguá á um 40 m kafla við Ártún.*

**4. Viðhald og sláttur opinna svæða 2023 - 2301027**

Tekið fyrir að nýju mál er varðar slátt opinna svæða. Lögð fram útboðsgögn, kostnaðaráætlun og uppfærðar teikningar.

*Umhverfis- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að verkið verði boðið út.*

**5. Búfjargirðing - 2303078**

Lögð fram teikning frá byggingarfulltrúa um hugsanlega legu fjárgirðingar ofan þéttbýlis.

*Umhverfis- og byggingarnefnd leggur til að gerð verði breyting á framkominni teikningu, girðing verði tekin neðar í hliðina og girðing fari fyrir neðan geymslusvæði í Hrafnadal. Með því að hafa girðinguna neðan við geymslusvæðið þarf að setja ristarhlið, það kemur í veg fyrir að búfé og hross frá Hrafnadal komist inn í þéttbýlið.*

*Nefndin leggur til að við uppsetningu búfjargirðingar verði gengið þannig frá svæðinu við girðinguna að nýta megi sem göngustíg.*

**6. Staða og framtíð lagareldis á Íslandi - 2303067**

Lögð fram skýrsla um stöðu og framtíð lagareldis á Íslandi, unnin af Boston Consulting Group fyrir Matvælaráðuneytið.

*Lagt fram til kynningar.*

**7. Bruni 23.02.2023 - 2302101**

Byggingarfulltrúi kynnti stöðu mála er varðar bruna í fiskeldisstöð í Norður-Botni í lok febrúar 2023.

*Lagt fram til kynningar.*

**1. Virkjun við Sellátra - 2303048**

Tekið fyrir bréf dags. 8. mars 2023 frá Guðjóni Björnssyni f.h. Eignarhaldsfélagsins Sellátur ehf þar sem óskað er eftir leyfi til að hefja framkvæmdir við endurbyggingu vatnsvirkjunar í landi Sellátra í Tálknafirði.

Um er að ræða lagfæringu á núverandi stíflu og bæta við hana svo kölluðu Coanda inntaki sem verður staðsett neðan við núverandi stíflu.

Leggja á nýja lögin frá stíflunni að stöðvarhúsi úr 500mm plasti að nýju stöðvarhúsi.

Reisa þarf nýtt stöðvarhús sem mun verða allt að 25 m<sup>2</sup> að stærð, sökkull og plata verða steypt með bárujárnsklæddu trégrindarhús ofan á.

*Umhverfis- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir inntaki og lagningu aðrennslispípu. Gerð verði krafa um að lögnin verði niðurgrafin.*

*Nefndin bendir umsækjanda á að sækja þarf um byggingarleyfi fyrir stöðvarhúsinu.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:15.**

---

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

---

Aðalsteinn Magnússon (AM)

---

Jónas Snæbjörnsson (JS)

---

Jóhann Birkir Helgason (JBH)